

**Þróunarsjóður innflytjendamála**  
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Máltaka 3ja ára barna með íslensku sem annað mál og áhrif söngiðkunar á framvindu og færni

**Nafn styrkþega:** Helga Rut Guðmundsdóttir

**Útdráttur:** Verkefnið fólst í því að skoða áhrif söngiðkunar á leikskóla á mælanlega þætti í máltöku 3ja ára barna. Til þess að stuðla að aukinni söngiðkun barna með íslensku sem annað mál þurfti að vinna gagnvirkt námsefni á rafbókarformi sem nýttist bæði á leikskólum og á heimilum barnanna í rannsókninni. Styrkurinn úr Þróunarsjóði innflytjendamála fór því alfarið í þessa þróunarvinnu og útfærslu á rafrænu námsefni sem inniheldur söngva, myndskreytingar og hljóðskrár með söngvunum. Rannsóknarverkefnið sjálft hefur verið styrkt af öðrum sjóðum. Markmiðið með námsefninu er að það sé aðgengilegt með rafrænum hætti og hægt að opna eins og rafbók í hefðbundnum netvafra í tölvu eða snjalltæki. Námsefnið er myndrænt aðlaðandi og eru myndirnar unnar bæði sem kyrrmyndir og hreyfimyndir sem börnin geta skoðað og tengt við söngvana. Myndirnar bjóða upp á aukinn skilning á orðaforða söngvanna með því að sýna myndrænt það sem söngvarnir fjalla um en gefa jafnframt tækifæri á að tala um það sem er á myndunum. Hverjum söng fylgir hljóðskrá sem hægt er að hlusta á eða syngja með. Þannig geta foreldrar sem ekki þekkja hefðbundna íslenska leikskólasöngva hlustað á hvernig þeir hljóma og lært að syngja þá með börnum sínum. Markmiðið er að þessi rafræna söngbók geti brúað bilið milli tónlistariðkunar í leikskóla og heimila og hvetji til aukinnar og markvissrar söngiðkunar bæði inni á leikskóla og heima við. Rafræna söngbókin tengist einnig glænýjum gagnagrunni með tæplega 200 leikskólasöngvum þar sem hægt er að fletta upp söngvum eftir orðum sem þeir innihalda. Auk rafrænu útgáfunnar er einnig hægt að nálgast söngbókina á prentuðu formi.